



## Mentorverkefnið Vinátta – skólaárið 2011-2012

### Menntaskólinn á Akureyri

#### MEN 173

#### Kennsluáætlun

##### Námslýsing:

Orðið mentor er alþjóðlegt og er notað um leiðbeinanda sem aðstoðar yngri, óreyndari aðila við að víkka sjóndeildarhringinn. Mentorverkefnið Vinátta byggir á þeirri hugmyndafræði að samskipti barns og mentors séu jákvætt innlegg í líf barnsins því mentorinn verði barninu fyrirmynd og veiti því stuðning. Tengslin sem myndast milli mentors og barns geti því bætt við möguleika barnsins við mótun sjálfsmýndar sem komi fram m.a. í auknum námsáhuga og árangri auk aukinnar lífsleikni. Þessi tengsl skapar mentorinn fyrst og fremst með því að skipuleggja uppbyggjandi og skemmtilegar samverustundir í samráði við barnið og foreldra þess. Áhersla er lögð á gagnkvæman ávinning og hagsmuni samfélagsins í heild af því að börn og ungmenni kynnist og læri af aðstæðum hvers annars.

Í mentorverkefninu Vinátta eru gerðar kröfur til nemenda um að þeir setji sér skýr markmið, sýni frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og séu skapandi í hugsun. Kennarinn hefur leiðbeinandi hlutverk sem felst í að leiða nemendur áfram, byggja upp rétt andrúmsloft þar sem ríkir gagnkvæm virðing, traust og stuðningur.

##### Markmið áfangans er að nemendur:

- Vinni að velferð barna og öðlist víðtæka reynslu í samskiptum við börn
- Auki skilning á stöðu sinni og annarra í samfélaginu
- Fái tækifæri til að verða fyrirmynd og jákvætt afl í lífi grunnskólabarns
- Fái þjálfun í skráningu og meðferð trúnaðarupplýsinga
- Sýni sjálfstæði í vinnubrögðum

Ýmsar gagnlegar upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðunni verkefnisins [www.vinatta.is](http://www.vinatta.is), mikilvægt er að skoða síðuna mjög vel.



## Mentorverkefnið Vinátta – skólaárið 2011-2012

### Vinnulag:

Nemendur (mentorar) verja tveimur til þremur stundum á viku með grunnskólabarni í 4. bekk. Nemendur skila dagbókum þar sem samvistir nemenda og barna eru skráðar sem og mat nemenda á því hvernig samskiptin ganga (trúnaðarupplýsingar).

Nemendur mæta í einstaklings- og hópviðtöl til kennara. Viðtölin fara fram í þriðjudagstímum sem skráðir eru á stundatöflu.

Nemendur mæta á sameiginlega fundi með öðrum mentorum á Akureyri (upphafsdagur, óvissufundur, jólaföndur, lokahátíð). Upplýsingar um þessa viðburði birtast á Moodle svæði áfangans. **Þriðjudaginn 27. september** er stutt námskeið í VMA þar sem allir mentorar hittast og fara yfir fyrirkomulag vetrarins. Námskeiðið stendur frá 15.45-16.15, **skyldumæting. Upphafsdagur mentorverkefnisins** þar sem allir mentorar og börn hittast, ásamt foreldrum og grunnskólakennurum, verður í Kvos MA **fimmtudaginn 13. október klukkan 17.00**. Stefnt er að því að lokahátíð verkefnisins verði 28. mars 2012.

**Nauðsynlegt er að fylgjast vel með framvindu mála á Moodle!**

### Námsmat:

Samvera með grunnskólabarni 3 klukkustundir á viku	50%
Dagbækur	20%
Ferilmappa	20%
Viðvera og þátttaka í einstaklings- og hópfundum	10%

**Nemendur þurfa að standast alla ofangreina þætti til að ljúka námskeiðinu.**

### Námsgögn:

Heimasíða mentorverkefnisins Vinátta, [www.vinatta.is](http://www.vinatta.is) og efni frá kennara.

Með fyrirvara um breytingar – og von um skemmtilegar og gefandi stundir í vetur,

Alma (alma@ma.is)



## Mentorverkefnið Vinátta – skólaárið 2011-2012

### Dagbækur

Mentorar skila reglulega dagbók til kennara, þar sem búið er að skrá **hvar** og **hvenær** mentor og barn hittust og **hvernig** samvistirnar gengu fyrir sig. Mentorar verða einnig að leggja mat á **hvernig samskiptin ganga**. Mikilvægt er að hafa færslurnar eins nákvæmar og mögulegt er. Látið einnig koma fram kostnað, ef hann var einhver. Dagbókareyðublöð sem þið getið stuðst við er að finna á heimasíðunni [www.kvenno.is/vinatta](http://www.kvenno.is/vinatta) undir kennslugögn.

Þið þurfið að hafa í huga að þið eruð að skrifa um börn og fjölskyldur þeirra. Það krefst þess að þið sýnið virðingu í umfjöllun ykkar og meðhöndlið upplýsingar sem þeim tengjast sem trúnaðarupplýsingar.

Dagbók á að skila á Moodle á um það bil mánaðarfresti.

### Dagbók – skiladagar skólaárið 2011-2012:

- |           |                   |
|-----------|-------------------|
| 1. dagbók | 31. október 2011  |
| 2. dagbók | 28. nóvember 2011 |
| 3. dagbók | 19. desember 2011 |
| 4. dagbók | 20. febrúar 2012  |
| 5. dagbók | 20. mars 2012     |

### Ferilmappa, skil viku fyrir lokahátíð.

Athugið að þessar dagsetningar (sérstaklega vorönn) eru með fyrirvara um breytingar.

**Fyrir hvern dag sem nemandi skilar of seint er dreginn frá 0,5 í einkunn.**